

Nd.

56. Nefndarálit

um frv. til fátækralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir rætt frumv. þetta á mörgum fundum og athugað það allrækilega. Þótt nefndin flytji margar breytingartill. við frv., þá eru þær flestar smávægilegar, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Einn nefndarmanna (H. V.) hefir sjerstöðu um einstök atriði og áskilur sjer rjett til þess að koma fram með viðtækari breytingar á frv.

Með skírskotun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
 - a. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í 2. mgr. komi: yfirvalds.
 - b. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« í 3. mgr. komi: yfirvald.
2. Við 17. gr. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í fyrri mgr. komi: yfirvalds.
3. Við 18. gr. Fyrir »sýslumaður í þeirri sýslu eða bæjarfógeti í þeim kaupstað« komi: yfirvald.
4. Við 22. gr. Fyrir »65 ára« komi: 60 ára.
5. Við 23. gr. Fyrir »fiskiskútu« komi: fiskiskipi.
6. Við 24. gr. Fyrir »holdsveikrahæli« á tveim stöðum komi: heilsuhæli.
7. Við 28. gr. Fyrir »10« komi: 16.
8. Við 38. gr.
 - a. Orðin »er gjalda til sveitar« í 2. mgr. falli burt.
 - b. Aftan við 2. mgr. komi: Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.
 - c. 3. mgr. falli burt.
9. Við 43. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.
10. Við 48. gr. Fyrir »sýslumanni eða bæjarfógeta« í 1. mgr. komi: lögreglustjóra.
11. Við 49. gr. Fyrir »sýslumanni eða bæjarfógeta« komi: lögreglustjóra.
12. Við 50. gr. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« komi: lögreglustjóri.
13. Við 52. gr. Fyrir »læknis« í fyrri mgr. komi: hjeraðslæknis.
14. Við 58. gr.
 - a. Fyrir »200« komi: 300.
 - b. Orðin »og bersýnilegt er stöðugt framfæri« falli burt.
15. Við 60. gr. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« komi: lögreglustjóri.
16. Við 61. gr. Fyrir »bæjarfógeta« á tveim stöðum komi: lögreglustjóra.
17. Við 65. gr.
 - a. Fyrir »sýslumaður eða bæjarfógeti« á tveim stöðum komi: yfirvald.
 - b. Fyrir »sýslumanns eða bæjarfógeta« í byrjun 3. málsliðs 1. mgr. komi: yfirvalds.
 - c. Fyrir »úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta« síðar í sama málslið komi: úrskurðinn.
 - d. Síðari mgr. falli burt.

Alþingi, 25. febr. 1927.

Jörundur Brynjólfsson,
form.

Jón Kjartansson,
frsm.

Jón Guðnason,
fundaskrifari.

Árni Jónsson.

Hjediinn Valdimarsson,
með fyrirvara.